



Alþingi
Erindi nr. P 139/105
komudagur 1.11.2010

ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum (fyrningarfrestur), 139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 116 – 108. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrirhuguð er breyting á 2. mgr. 165. gr. laganna þar sem kveðið er á um að nýjan fyrningarfrest kröfu við gjaldþrotaskipti. Í breytingunum felst samkvæmt greinagerð með frumvarpinu, að við gjaldþrotaskipti verði fyrningartími allra krafna kröfuhafa þrotamanns 2 ár eftir að gjaldþrotaskiptum lýkur á búi þrotamanns. Á þetta jafnt við hvort sem kröfu hefur verið lýst í búð eða ekki. Einnig er lagt til að kröfuhafi geti aðeins slitið fyrningunni með höfðun dómsmáls á hendur þrotamanni til að fá viðurkenningu á því að fyrningu kröfunnar sé slitið. Kröfuhafi þarf þar að sýna fram á sérstaka hagsmuni sína af því að fá fyrningu slitið og að hann geti fengið fullnustu kröfu sinnar með lengri fyrningartíma. Með þessari breytingu styttest fyrningartími á kröfum á hendur gjaldþrota einstaklingi töluvert og miklar skorður eru lagðar við því að hægt sé að viðhalda kröfu um aldur og ævi.

Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar framlagningu frumvarpsins þar sem að þessar breytingar hafa væntanlega í för með sér að einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldþrotaskipta takist fyrir að koma reiðu á fjármál sín og verða virkir þátttakendur í samfélaginu á ný. Samt sem áður vill Mannréttindaskrifstofan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Tekið er fram í greinagerð með lögnum að dómstólum verði falið það hlutverk að ákvarða hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa geti orðið til þess að hann fái viðurkenningu á því að fyrningu kröfunnar sé slitið. Er líklegt að ákvæðið geti valdið vafa þar sem ekki er kveðið nógu skýrt á um það hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa verði að vera til staðar til þess að viðurkenna megi rétt til slita á fyrningu. Ljóst er að samkvæmt 1. mgr. 27. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal birta öll lög. Er það eitt af ófrávikjanlegum skilyrðum réttarríkis að lög séu birt eða séu með einhverjum hætti aðgengileg þeim sem eiga að fylgja þeim. Þannig er það forsenda þess að menn geti fylgt þeim réttarreglum sem gilda um háttsemi þeirra að þeir viti hverjar þessar reglur eru. Í þessari reglu um birtingu felst einnig að ákvæði laga verða að vera það skýr og ljós að mögulegt sé fyrir allan almenning að skilja hvað í þeim felst til þess að þeim sé mögulegt að fara eftir þeim. Því er mikilvægt að kveðið verði skýrar á um það hvaða sérstöku hagsmunir kröfuhafa verði að vera til staðar og ekki er nóg að fjallað sé stuttlega um að kröfur verði að vera af ákveðinni rót í greinargerð með frumvarpi laganna.

Þær breytingar sem lagt er til með hinu framlagða frumvarpi gefa tilefni til að ætla að mat dómstólanna verði of víðtækt til þess að gæta megi í hvívetna að jafnræði ríki á milli allra aðila



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrárinnar. Mjög mikilvægt er að jafnræðis sé gætt þegar dómstólar taka ákvarðanir í einstökum tilvikum um réttindi manna og skyldur og er það sérstaklega mikilvægt þegar lög ákveða ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi þegar ákvörðun er tekin. Þrátt fyrir að almennt sé það svo að dómendur byggji aðeins á málefnalegum sjónarmiðum í störfum sínum ber þó að tryggja jafnræði með skýrri og gagnsærri löggjöf.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
Framkvæmdastjóri